



# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 24. október 2022

**Efni: Umsögn, frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum á þskj. 32 – 32. mál.**

Með tölvupósti 11. október 2022 var Landssambandi lögreglumanna gefinn kostur á að færa fram umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Felur það í sér tillögu um breytingu á 19. grein lögreglulaga þar sem á undan orðinu „fyrirmælum” komi „lögmatum”.

Landssamband lögreglumanna telur ekki tilefni til þeirra breytinga sem frumvarpið kveður á um. Helsta ástæða þess er tilvist svonefndrar lögmætisreglu í íslenskum rétti, sem felur m.a. í sér að ákvarðanir stjórnvalda hverju sinni þurfa að byggja á viðhlítandi réttarheimildum ef þær eru íþyngjandi fyrir hinn almenna borgara. Vísað er til hlutverks lögreglu samkvæmt 1. grein lögreglulaga en meðal þess er að að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi. Er ljóst að nú þegar eru til staðar réttarreglur sem fela í sér að lögreglu beri að meta lögmæti aðgerða. Er lögregla m.a. bundin af meðalhófsreglu og er sérstaklega vísað til III. kafla lögreglulaga sem hefur að geyma ítarlegar reglur að þessu leyti. Þá er nefnd um eftirlit með lögreglu sjálfstæð og óháð stjórnarsýslunefnd. Nefndin tók til starfa 1. janúar 2017. Eitt af meginhlutverkum nefndarinnar er að taka við tilkynningum frá borgurum sem varða ætlaða refsiverða háttsemi starfsmanns lögreglu, starfsaðferðir lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu. Þá hefur nefndin heimild til að taka atvik og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði þegar hún telur tilefni til. Í 4. grein reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með lögreglu, getur borgari sem telur að starfsmaður lögreglu hafi framið refsivert brot í starfi, viðhaft ámælisverða starfsaðferð eða framkomu í starfi eða ef borgari er ósáttur við almenna starfshætti lögreglu, leitað til nefndarinnar með tilkynningu og óskað eftir að mál hans verði tekið til athugunar. Nefndinni er einnig heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði. Eru að mati Landssambands lögreglumanna þegar fyrir hendi nægjanleg réttarúrræði og lagareglur sem ná yfir viðfangsefnið. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ákvæði laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 fela m.a. í sér úrræði sem borgurum eru tæk, um að leggja undir héraðsdóm ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda sbr. 2. mgr. 102. gr. laganna. Þá getur borgari farið fram á bætur vegna meðferðar sakamáls, sbr. 39. kafla laga um meðferð sakamála.

  
Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri